

26. mars 2025

Sveitarstjórn Strandabyggðar

Erindi um girðingarmál fyrir sveitarstjórnarfund 8.4.2025

Mig langar að byrja á að benda á samþykkt sem gerð var á Búnaðarþingi 2025:

UMN 50.05 Girðingamál

Búnaðarþing Bændasamtaka Íslands, haldið Reykjavík 20. – 21. mars 2025 hvetur landeigendur og umráðamenn lands til að huga vel að viðhaldi girðinga á landareignum sínum og fjarlægja þær sem ekki á að viðhalda. Það sama á við um girðingar á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Einnig hvetur Búnaðarþing sveitarfélög að fylgja eftir sínu hlutverki í samræmi við 12. grein Girðingarlaga nr. 135/2001.

Rökstuðningur:

*Girðingar eru nauðsynlegar í landbúnaði. Flestir bændur sinna vel viðhaldi á girðingum sínum. Þrátt fyrir það eru víða ónýtar girðingar eða girðingaleifar. Girðingar sem ekki þjóna lengur tilgangi sínum geta verið slysagildra fyrir menn og dýr. Ónýtar girðingar eru lýti í landslagi og engum til sóma. Samkvæmt 12. grein Girðingarlaga nr. 135/2001 er umráðamönnum lands skylt að: „**hreinsa burtu af landi sínu ónothæfar girðingar og girðingarflækjur**“. Ef umráðamaður vanrækir þetta ákvæði segir í lögunum: „**er þá sveitarstjórn skylt að framkvæma verkið á hans kostnað að fengnu mati búnaðarsambands og á sveitarstjórn þá lögveð í jörðinni fyrir greiðslu kostnaðar. Það sama gildir um eyðijarðir.**“*

Í fyrra ákvað sveitastjóri að viðhalda ekki girðingum í umsjón sveitarfélagsins þrátt fyrir að á fundum sveitarstjórnar hafi umræðan verið á þann hátt að viðhalda ætti girðingum.

Í ljósi umræðu síðasta árs um girðingar og hvernig sveitarfélagið sinnti ekki viðhaldi á girðingum sínum á síðasta ári er hér er óskað eftir svörum Sveitarstjórnar Strandabyggðar við eftirfandi spurningum.

1. Er ráðgert að viðhalda girðingunni frá Grjótá að Hrófá á árinu 2025?
2. Ef ekki, stendur þá til að taka hana niður, sbr. ákvæði Girðingarlaga?
3. Hver er stefna sveitarfélagsins með aðrar ónýtar girðingar á landi Strandabyggðar?
 - a. Er ráðgert að taka niður girðingaleifar við Kirkjugarðinn?
 - b. Er ráðgert að taka niður girðingarleifar sem er inn með Djúpvegi?
 - c. Er ráðgert að taka niður aðrar girðingaleifar við og kringum Kálfaþesborgir?
 - d. Var leigutaka Stóru-Grundar gert að taka upp girðingar/girðingaleifar þar í kring? Ef ekki er ráðgert að taka þær girðingar upp.
4. Nú er ónýt girðing í kringum vatnstökusvæði í Stakkamýri. Á að fjarlægja þá girðingu eða laga?

Virðingarfyllt

Hafdís Sturlaugsdóttir